

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



NEYTENDASTOFA

Reykjavík, 04.03.2020
Tilv. 2020/0199 - 0.3.01
ÞAÁ

Efni: Umsögn Neytendastofu um frumvarp til laga um breytingu á innheimtulögum, nr. 95/2008, með síðari breytingum (leyfisskylda), 158. mál

Vísað er til tölvubréfs, dags. 21. febrúar 2020, þar sem Neytendastofu var gefinn kostur á að koma að umsögn um frumvarp til laga um breytingu á innheimtulögum, nr. 95/2008, með síðari breytingum (leyfisskylda), 158. mál.

Neytendastofa vill gera athugasemdir við b. lið 3. gr. frumvarpsins. Stofnunin vill byrja á að benda á að hún telur engan vafa vera á því að lög 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, taki til hvers kyns viðskiptahátta þ.m.t. innheimtustarfsemi. Það leiðir þó ekki sjálfkrafa til þess að brot á lögum nr. 95/2008 teljist vera óréttmætir viðskiptahættir sem Neytendastofa getur brugðist við. Neytendastofa yrði því að taka til meðferðar og meta í hverju tilviki hvort brot gegn lögum nr. 95/2008 teljist jafnframt brot gegn góðum viðskiptaháttum samkvæmt lögum nr. 57/2005.

Í því samhengi vill Neytendastofa benda á að á grundvelli laga nr. 57/2005 hefur stofnunin tekið ákvarðanir vegna markaðssetningar og viðskiptahátta gagnvart fjármálafyrirtækjum og vegna matvæla og lyfja svo dæmi séu tekin. Þó hefur aldrei komið til álita eða verið talin þörf á að vísa til þess að stofnunin hafi slíkt eftirlit í þeim sérlögum sem um starfsemina eða vörurnar gilda.


Taki Efnahags- og viðskiptanefnd ekki undir ofangreind sjónarmið Neytendastofu telur stofnunin nauðsynlegt að breyta orðalagi 3. gr. b. með þessum hætti:

„Um eftirlit með innheimtuaðilum fer að öðru leyti eftir ákvæðum laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, eftir því sem við getur átt.“

Framangreind tillaga er einnig þess eðlis að óþarft er að setja nafn Neytendastofu inn í texta laganna sem einnig getur valdið ákveðnum misskilningi og/eða ruglingi.

Að lokum vill Neytendastofa taka fram að stofnunin tekur ekki til meðferðar einkaréttarlegar kröfur neytenda heldur er eftirlit hennar allsherjarréttarlegs eðlis. Að sjálfsgöðu geta neytendur komið með ábendingar og kvartanir til stofnunarinnar sem geta leitt til aðgerðar gagnvart fyrirtækjum þ.m.t. innheimtuaðilum en veita þeim ekki sjálfkrafa rétt til t.d. endurgreiðslu frá inneimtuaðila. Orðalag ákvæðisins og ummæli í greinargerð getur leitt til þess að neytendur telji að Neytendastofa geti leyst úr kröfum þeirra gagnvart innheimtufyrirtækjum.

Virðingarfyllst
f.h. Neytendastofu


Tryggvi Axelsson
Forstjóri


Þórunn Anna Árnadóttir
Sviðsstjóri